



**160. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
miðvikudaginn, 26. apríl, 2006, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Trúnaðarmál.

Bókað í trúnaðarbók.

2. Greinargerð frá tæknideild vegna viðhalds gatna.

Greinargerðin er lögð fram til stefnumótandi ákvarðanatöku um viðhald og endurnýjun gatna í sveitarfélaginu.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi:

- *Pingbraut. Samþykkt að jarðvegsskipta, leggja klæðningu, lagnir og lýsingu Pingbrautar frá Hnjúkabyggð að Brekkubyggð. Samþykkt er að lega götunnar verði breytt frá Brautarholti að Hnjúkabyggð í samræmi við aðalskipulag. Kostnaðaráætlun verði lögð fyrir næsta fund bæjarráðs.*
- *Árbraut. Samþykkt að ganga frá Árbraut, frá Þverbraut að Kvennskóla ásamt gangstétt.*
- *Mýrarbraut. Gert verði við Mýrarbraut.*
- *Bæjarráð leggur ríka áherslu á að farið verði í áttak í viðhaldi gangstétta í bæjarfélaginu í sumar.*

3. Umsóknir um rekstur tjaldsvæðis og upplýsingamiðstöðvar.

Fyrir liggja þrjár umsóknir frá eftirtöldum aðilum:

- *Björn Þór Kristjánsson, f.h. Ferðaþjónustu Húnavatnssýslu ehf.*
- *Júlíus Líndal, f.h. Júlíusar Líndal ehf.*
- *Eva Therése Thöm*

Bæjarráð samþykkir að rætt verði við alla umsækjendur og að ráðið verði í starfi rekstraraðila í kjölfar viðtala.

4. Uppsagnarbréf skólastjóra Grunnskólans á Blönduósi.

Helgi Arnarsson segir upp starfi skólastjóra og tekur uppsögnin gildi frá og með 1. ágúst nk. Þakkar hann gott samstarf við bæjaryfirvöld.

Bæjarráð óskar Helga Arnarssyni velfarnaðar í nýju starfi og þakkar honum góð störf í þágu grunnskólamála í sveitarfélaginu sl. ár.



5. **Erindi frá Foreldrafélagi Grunnskóla Blönduóss.**

Óskað er upplýsinga um hin ýmsu málefni er varða Grunnskóla Blönduóss s.s. framtíðarsýn heimilisfræðistofu, smíðastofu, félagsmiðstöðvar, gamla íþróttasalar og grunnskólalóðar.

Bæjarstjóra og skólastjórnendum er falið að eiga fund með foreldrafélaginu til að ræða framtíðarmál grunnskólamála.

6. **Erindi frá Hjörleifi Júlíussyni.**

Bréfitari á grunn og steypa sökklá að húsi við Sunnubraut 7 og hefur greitt af því A-gatnagerðargjald. Hefur hann hug á að reisa hús á grunninum innan 2ja ára og óskar eftir styrk sem nemur gatnagerðargjöldum B náí þau áform fram að ganga.

Bæjarráð samþykkir að veita styrk sem nemur B hluta gatnagerðargjalda með fyrirvara um að byggt verði innan 2ja ára.

7. **Önnur mál.**

a. **Erindi frá Hjallanesi ehf., dags. 25. apríl 2006.** Sótt er um 40 tonna byggðakvóta fiskveiðiársins 2005/2006. Bæjarráð samþykkir að úthluta Hjallanesi ehf. 20 tonna byggðakvóta. Jóhanna G. Jónasdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins vegna skyldleika.

b. **Brimslóð 10 b og c.** Þrjú kauptilboð bárust í eignina:

Tilboðsgjafi	Kauptilboð kr.
Júlíus Líndal ehf.	950.000,-
Heiðar Kr. ehf.	1.000.000,-
Jón Gunnarsson	1.200.000,-

Bæjarráð hafnar öllum tilboðum í skemmuna.

c. **Ársreikningur Háubrekku ehf.** Boðað er til aðalfundar Háubrekku ehf. að afloknum bæjarráðsfundi.

Fundargerð upplösin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:15

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)